

Günther Schneider-Siemssen og Ísland

Einhvern tíma í byrjun sjöunda áratugarins, þegar ég var við eðlisfræðinám í Þýskalandi, las ég í stuttri grein í *Der Spiegel* að leiksviðslistamanninum *Günther Schneider-Siemssen* (GSS) hefði tekist með snjallri myndvörpun að varpa heilum leikmyndum inn á óperusvið frá máluðum glerplötum. Hann kallaði leikmyndirnar *Lichträume* (light spaces). Mér þóttu þetta mikil tíðindi og hafði því ekki gleymt þessu tuttugu árum síðar, þegar síminn hringdi á tilraunastofunni í leysitækni sem ég stóð fyrir hjá flugtæknifélaginu MBB í München. Í símanum var einmitt þessi GSS, sem ég hafði lesið um og síðan séð uppfærslur eftir.

Hann spurði mig, hvort hann mætti heimsækja okkur til að kynnast möguleikum á notkun leysilýsingar á leiksviði og taka með sér samverkamann sinn, hljómsveitarstjóran *Herbert von Karajan* (HvK), en þeir yrðu báðir staddir í München í næstu viku. Mér brá svo mikið við þessa óvenjulegu og fyrirvaralausú bón, að mér datt ekkert betra í hug en segja þá velkomna. Nú var ekki um annað að ræða en að bretta upp ermarnar, og ég byrjaði ásamt yfirmanni mínum *Walter Kroy* og félagamínnum *Sigi Manhart* – en aðrir vildu ekki taka þátt í þessum útúrdúr frá öðrum mikilvægari verkefnum – að uppsetningu á þremur mismunandi tilraunum, sem okkur fundust gefa góða mynd af hugsanlegum notum leysisljóss á leiksviði.

Fyrsta dæmið var um ljósgeisla sem ýmist gæti þeyst um rúmið fram og aftur, skrifað tákni á vegg eða myndað lárétta ljóskeilu í rykskýi, sem virtist opna leið inn í óendanleikann þegar horft var inn í hana. En þessir leysiljósstilburðir urðu nokkrum árum síðar einnig að mikilvægum upptökum í diskótekum og útisýningum. Annað dæmið var að láta ósýnilegan (innrauðan) leysigeisla valda ýmsum fjarhrifum, sem virtust eiga sér enga skýringu, t.d. að kveikja í sígarettu í lausu lofti, en ég, sem ennþá reykti, hreyfði hana með munninum inn í fyrirfram útreiknaða braut geislans. Þriðja dæmið var svo að varpa þrívíddarmynd af litlu módeli af opnum „oldtimer“ bíl sem sveif í daufri birtu í rúminu fyrir framan hólógrammfilmu, þegar hún var lýst upp með leysigeisla. Auk þess létum við litla raunverulega brúðu sitja í þessum óraunverulega bíl, sem birtist þegar hún var upplýst með vasaljósi. Gátum við þá til skiptis látið bílinn hverfa með því að slökkva á leysinum eða brúðuna hverfa með því að slökkva á vasaljósinu. Tilraunasviðið var á stærð við skókassa.

Leikhúsmennirnir komu stundvíslega, með heila trossu af aðstoðarmönnum í fylgd með sér. Varð ég dálítið hissa á því hve Karajan var lágur í lofti, en samt eins og Napóleón, sem allt snérist í kringum. Frá fyrirtæki okkar hafði bæst í hópinn yfirmaðurinn, *Ludwig Bölkow*, sem í sögu flug- og geimtækni er eins konar *Werner von Braun* Þýskalands og var því gott mótvægi við tónsnillinginn. Gaman var að taka eftir því eftir á að þeir báðir, Karajan og Bölkow, voru í peysu og gallabuxum, en flestir aðrir í jakkafötum með bindi eins og sjá má á mynd 1 hér á eftir, þar sem þeir hlýða á *Walter Kroy* með *Sigi Manhart* við hlið sér lýsa prógramminu á sýningunni, áður en hún byrjaði.

Síðan hófst sýningin með þessum áhorfendum, sem voru nú orðnir um tíu talsins. Tilraunastofan var á stærð við litla setustofu með dökkgræna vegg til að forðast truflandi endurkast af leysigeislunum, en hver þeirra hafði afl á við 100 til 1000 leysibendla. Hafði ég nokkrar áhyggjur af augnaöryggi hópsins, því ókleift var að láta menn vera með tilheyrandi hlífðargleraugu meðan á sýningunni stóð.

Sýningin heppnaðist svo vel, að endurtaka varð allar tilraunirnar margsinnis og undir lokin létu GSS og HvK eins og skólastrákar að leika sér. HvK hafði mest gaman að því horfa inn í „óendanleikann“, meðan GSS lék sér að hólógramminu sem lét hluti sjást eða hverfa til *Günther Schneider-Siemssen og Ísland*

skiptis. HvK trúði mér fyrir því, að henni hefði ætlað að verða verkfræðingur, áður en tónlistin og töfraheimar hennar tóku af honum ráðin.

Að sýningunni lokinni var ákveðið að gefa GSS eða Schneisie (frb. „Snæsí“), eins og hann var oftast kallaður til styttingar, tækifæri til að kynna betur leyndardómum hólógrafiunnar og rannsaka sviðsetningu hennar með því að útbúa fyrir hann tilraunastofu við Marionetten Theater í Salzburg, sem ég síðan sá um. HvK stakk upp á því að nota leysigeisla til að „lýsa frá himnum ofan heilaga kaleikinn“ í óperunni Parsifal á sviðinu í Salzburg. Ég gat ekki boðið honum upp á nema ljósbláan leysigeisla á þessum tíma, en hann gat ekki sætt sig við það. Hélt hann fast við sinn keip, að himneskt ljós hlyti að vera hvítt og því var geislaatriðinu sleppt. En Schneisie hélt ótraudur áfram að reyna að skapa ljósrum og myndir með leysum og taldi bláa litinn gera hlutina, sem varpað var með þeim, yfirnáttúrulega í ásýnd, sem félli afar vel inn í margar leikmyndir. Var hann duglegur við kynna áform sín, eins og sést á mynd 2 þar sem hann heldur fyrirlestur fyrir nokkur stórmenni óperunnar.

Úr þessu varð síðan fyrsta opinbera sviðsetningin á þrívíddarmyndvörpun með leysum í Marionettentheater að HvK og forseta Austurríkis viðstöddum á frumsýningunni í maí 1985. Með þessari tækni voru sýnd ýmis atriði úr óperunni „Ævintýri Hoffmanns“ eftir *Jacques Offenbach*, sjá mynd 3. Þær vel heppnuðu tíu sýningar, sem á eftir komu, voru Schneisie staðfesting á því að þrívíddarmyndvörpun ætti sér framtíð á leiksviði.

Næsta verkefni - í samráði við *Wolfgang Sawallisch* og *Otto Schenk* - var að setja hólógráfu á svið með persónum í fullri stærð í „Ævintýrum Hoffmanns“ árið 1986 í óperuhúsinu í München með fjárstuðningi frá Philips í Hollandi. Hugmyndin var að lýsa því hvernig Olympía breytist úr brúðu í mennska veru. Fyrst var hún brúða í þrívídd, klædd í kjól alsettum glitrandi steinum, en í blárri, dularfullri lýsingu leysisins. Síðan fóru hamskiptin fram þannig að hún hreyfðist í sex ólíkum frosnum, en afskræmdum líkamsstillingum, yfir í lifandi söngkonu, sem tók síðan nokkur liðug dansspor í takt við tónlistina. Aðeins ein tilraunastofa fannst í heiminum, sem gat tekið að sér að taka upp þrívíddarmyndir (hólógrömm) af þessari brúðu í fullri líkamsstærð, en það var fyrirtækið „Light Fantastic“ í Los Angeles, sem hafði sprottið upp þar í borg úr þróunarverkefnum fyrir Disney World.

Til þess að þetta tækist, var ekki um annað að ræða en að senda brúðuna í kjólnum frá saumastofunni í óperunni í München í kassa til LA og fara síðan þangað í humátt á eftir til að vaka yfir upptökunum. Fórum við Schneisie þangað saman, en uppgötvuðum fljótt að framleiðandinn hafði lofað upp í ermina á sér, hvað snerti gæði á myndunum af brúðunni í þessum sex mismunandi stellingum. Reyndum við fá úr því bætt meðan við dvöldumst þar í heila viku. Kom okkur ágætlega saman, þó að Schneisie sé mikill skapmaður, en afskaplega gamansamur og hugmyndaríkur. Við notuðum þá biðtímann til að heimsækja óperustjóran í LA og fara í skemmtiferðir um Hollywood, eins og sjá má á mynd 4.

Í millitíðinni sagði Schneisie mér mikið frá myndvörpunartækninni, sem hann var heimsfrægur fyrir, en hún var fólgin í því m.a. að mála mjög smágerðar myndir á litlar glerplötur, um 10x10 cm, sem var síðan varpað með aflmiklum ljóskösturum á örpunnar spenntar grisjur á sviðinu. Þær voru áhorfendum ósýnilegar, og þannig urðu heilsteyptar leikmyndir til. Síðan bætti hann við raunverulegum tré- og pappamyndum af brúm, húsum og höllum eftir því sem verða vildi og málaði bakgrunninn. Þar sagðist hann taka margar fyrirmyndir úr raunverulegu landslagi, sem hann leyfði sér svo að breyta að vild.

Ég spurði hann þá, hvort hann hefði ekki áhuga á því að fara til Íslands til að fá innspásjónir af landslaginu þar - sem hann játti strax. Til þess að koma honum á bragðið gaf ég honum myndabók frá Íslandi. Myndir af fjallinu Lómagnúp og af norðurljósum vöktu strax athygli hans. Ekki leið á löngu, eða árið 1990, að Schneisie gerði sviðsmyndir fyrir Niflungahringinn *Günther Schneider-Siemssen* og *Ísland*

í Metropolitanóperunni í NY undir stjórn *James Levine* og *Otto Schenk*, en þar hafði hann gert Valhöll að tilkomumiklum klettavegg með aurskriðum, sem minntu óneitanlega á Lómagnúp eins og sést á myndum 4 og 5. Staðfesti hann við mig seinna, að Lómagnúpur væri fyrirmyndin.

Þegar hólógrömmen komu loksins til München frá LA var hafist handa af kappi við að byggja upp nauðsynlegan lýsingarútbúnað fyrir neðan sviðið í óperunni og réð ég nokkra eðlisfræðistúdenta í það verk. Tókst það bætilega vel og rann þá upp stóra stundin, hvort Otto Schenk myndi samþykka uppfærsluna. Hann var ánægður með „hamskiptin“, en fannst gæðin á nokkrum einstökum þrívíddarmyndunum vera slæm. Þetta var einmitt vandamálið, sem við höfðum barist við að leysa með framleiðandanum í LA. Þar sem tíminn var orðinn of naumur til að laga þetta fyrir sýningarnar, var ákveðið að sleppa öllu atriðinu. „Við töpuðum á tíma“ var viðkvæði Schneisies seinna. En hann hélt áfram að berjast fyrir framgangi þrívíddarleikmynda og leysigeisla á leiksviði með fleiri uppfærslum, sem ég hafði ekki lengur tíma til að taka þátt í.

Hann minnti mig nú á lofordið um að koma sér í kynni við Íslensku óperuna. Hafði ég þá samband við *Garðar Cortes*, sem bauð Schneisie síðan í stutta ferð til Reykjavíkur að vetrarlagi til að kynna sér aðstæður fyrir hugsanlega þátttöku hans í leiksýningum þar. Hann kom himinlifandi til baka úr þeirri ferð og hafði kynnst fjölda leikhússfélga, sem bar hann á gullstól og sýndu honum íslenskt landslag að vetrarlagi. Nú hafði hann loksins séð bragandi norðurljós, en fyrir honum voru þau hápunktur ferðarinnar. Hins vegar leist honum ekkert á leiksvið Íslensku óperunnar. „Þorsteinn, þetta er ekki nema örfáar fúnar og brakandi fjalir og ljósabúnaðurinn er fyrir neðan allar hellur!“ Ef hann ætti að koma til þess að gera sviðsmynd, yrði það annað hvort að vera í Þjóðleikhúsinu eða í Borgarleikhúsinu. Stakk hann upp á því að hann flytti með sér leikmynd til Íslands, t.d. þá sem hann hafði notað í leikhúsinu í Wels í Austurríki sem væri af svipaðri stærð og bæði leikhúsin í Reykjavík.

Við ákváðum árið 2000 að fara í skemmtiferð að sumarlagi til Íslands, ferðast um landið, kynnast náttúru þess og ræða við leikhús- og óperumenn. *Selma* og *Árni* í forstöðu Wagnerfélagsins auglýstu fyrirlestur á vegum félagsins, þar sem ákveðið var að Schneisie lýsti leikmyndum sínum í óperum Wagners víða um heim og þrívíddar- og leysitækni á leiksviði. Tveim dögum fyrir flugið hringdi hann í mig, og sagði að nú væri komið babb í bátinn. Hann hefði fengið aðsvif og lækniþing hefði bannað sér að fljúga. Urðum við því að aflýsa heimsókninni á síðustu stundu.

Nokkrum árum seinna, eftir að hann hafði náð fullum bata, bauð hann mér og *Þorsteini Gylfasyni*, sem hann hafði kynnst á Íslandi hjá Íslensku Óperunni og var þá staddur í München, á frumsýningu á Valkyrjum Wagners í leikhúsinu í Wels. Hann sá þar sjálfur bæði um leikstjórn og sviðsetningu. Í miðju kafi í verkinu hrópaði hann framan af fyrsta bekk: „Þið Íslendingar, takið núna eftir - þarna eru þau loksins!“ Hann átti þar við leikmynd af bragandi norðurljósunum, sem lýstu upp himininn í Valkyrjureiðinni.

Á síðustu árum held ég enn sambandi við Schneisie. En heilsu hans hefur hrakað svo mikið, að sameiginleg verkefni eru ekki lengur möguleg. Lærdómnum af baráttunni við þrívíddarmyndvörpunina með honum í rúman áratug gat ég hins vegar beitt við þróun á nýrri tegund af hólógrafískum myndskjám fyrir flugvélar. Útúrúrinn inn í töfraheima óperunnar kom þannig að fullu gagni - þrátt fyrir allt.

Tekið saman í tilefni af Alþjóðaári ljóssins 2015.
Þorsteinn J. Halldórsson



Mynd 1: Walter Kroy lýsir prógrammi sýningarinnar fyrir Ludwig Bölkow (sitjandi innst), stjórnanda Óperunnar í Vínarborg (í miðju) og Herbert von Karajan (sitjandi til hægri). Myndina tók ÞJH.



Mynd 2: Günther Schneider-Siemssen heldur fyrirlestur um notkun þrívíddarmyndvörpunar með brúðuleikhússvið sér til hjálpar fyrir leikstjórnann August Everding (fremst á fyrsta bekk) og hljómsveitar- og óperustjórnann Wolfgang Sawallisch (fremst á öðrum bekk). Myndina tók ÞJH.



Mynd 3: Atriði á kránni í óperunni „Ævintýri Hoffmanns“ í Marionettentheater í Salzburg. Brúðan er um 80 cm á hæð. Súlnaröðin er hólógrafísk þrívíddarmyndvörpun sem brúðan getur gengið gegnum viðnámslaust og hún kemur í ljós og hverfur til skiptis.



Mynd 4: Schneisie í góðum höndum meðan beðið er eftir hólógrömmum í LA. Myndina tók ÞJH.



Mynd 5: Atriði úr Niflungahringnum (Rínargullinu) fyrir framan Valhöll með Bifröst á sviði The Metropolitan Opera, árið 1990. Leikmynd eftir Günther Schneider-Siemssen. Leikstjóri Otto Schenk og hljómsveitarstjóri James Levine.



Mynd 6: Fjallið Lómagnúpur við Skeiðarársand sem er fyrirmyndin að Valhöll í leikmyndinni að ofan.